




Fréttatilkynning 2. maí 2025

Ársreikningur Reykjavíkurborgar árið 2024


Ársreikningur Reykjavíkurborgar árið 2024 var lagður fyrir borgarráð í dag 2. maí og vísað til fyrri umræðu í borgarstjórn þann 6. maí næstkomandi. Hér eru raktar meginniðurstöður ársreiknings Reykjavíkurborgar fyrir A- og B-hluta og A-hluta.

A - og B - hluti:



Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var jákvæð um 10,7 ma.kr. sem var 14,1 ma.kr. betri niðurstaða en árið 2023. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) nam 63,0 ma.kr. sem var um 15,4 ma.kr. betri niðurstaða en árið 2023. EBITDA í hlutfalli af tekjum var 23% og hækkar um 4%-stig milli ára.

Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var 3,0 ma.kr. betri en áætlað var og EBITDA var 6,2 ma.kr. umfram áætlanir. Faxaflóahafnir, Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgar-svæðisins og Strætó, ásamt A-hluta borgarinnar skiluðu öll betri niðurstöðu en gert hafði verið ráð fyrir. Vegur þyngst afkoma A-hluta sem var 4,0 ma.kr. betri en áætlað var. Afkoma Orkuveitu Reykjavíkur var 2,9 ma.kr. umfram áætlanir og afkoma Faxaflóahafna var 815 m.kr. umfram áætlun en það má rekja til aukinna tekna, einkum af hafnarþjónustu. Afkoma Félagsbústaða var undir áætlun þar sem matsbreytingar fjárfestingaefni voru lægri en forsendur gerðu ráð fyrir en EBITDA félagsins var hins vegar sterkari en áætlað hafði verið. Afkoma SORPU var undir áætlun sem má rekja til afskrifta umfram áætlanir.




Tekjur A- og B-hluta námu 277,5 ma.kr. og jukust um 25,8 ma.kr. frá árinu 2023 eða 10,3%. Útsvartekjur jukust um 7,4 ma.kr. og framlag Jöfnunarsjóðs hækkaði um 3,6 ma.kr. á milli ára. Aðrar rekstrartekjur jukust um 12,8 ma.kr. en þar af nam hækkun tekna Orkuveitu Reykjavíkur 5,6 ma.kr. meðal annars vegna hærri tekna af heitu vatni og rafmagni, auk þess sem tekjur A-hluta af sölu byggingaréttar voru 3,2 ma.kr hærri en árið áður.

Rekstrargjöld námu 214,5 ma.kr. án afskrifta og hækkuðu um 10,4 ma.kr. eða 5,1%. Launakostnaður hækkaði um 7,8 ma.kr. en var 2,3 ma.kr. lægri en áætlað var. Lífeyrisskuldbinding var tekjufærsla upp á 758 m.kr. en var 4 ma.kr. gjaldfærsla árið 2023. Ástæðuna fyrir tekjufærslu nú má að mestu rekja til góðrar ávöxtunar eigna lífeyrissjóðsins árið 2024. Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 7,4 ma.kr. milli ára og var 3,7 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins.


Fjármagnsgjöld (nettó) námu 26 ma.kr. og voru á pari við áætlun. Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,75% innan ársins sem var heldur minna en áætlað hafði verið. Meðalverð á áli hækkaði um 6,6% árið 2024. Gjaldfærsla vegna innbyggðrar álafleiðu í raforkusölusamningum nam 1,2 ma.kr.

Heildareignir A- og B-hluta samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi 31. desember 2024 námu 978,8 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum námu 525,0 ma.kr. Eigið fé nam 453,8 ma.kr. en þar af nam hlutdeild minnihluta 17,7 ma.kr. Eiginfjárhlutfall A- og B-hluta í árslok nam 46,4% en var 46,9% í árslok 2023.






Handbært fé hækkaði á árinu um 7 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum námu 55,9 ma.kr., greidd gatnagerðagjöld og seldur byggingarréttur námu 8,3 ma.kr. Lántaka og ný stofnframlög námu 51,8 ma.kr. á árinu og afborganir lána og leiguskulda námu 32,5 ma.kr. Nýjar leiguskuldir námu 1 ma.kr. en þær hafa ekki áhrif á sjóðstreymið.




Veltufé frá rekstri jókst um 4,6 ma.kr. og nam 40,3 ma.kr. eða 14,5% í hlutfalli af tekjum. Fjárfestingar (brúttó) námu 58,1 ma.kr. eða 20,9% í hlutfalli af tekjum.


Jafnvægisviðmið A- og B-hluta án Orkuveitu Reykjavíkur nemur 4,0 ma.kr. og skuldaviðmið nemur 104% og hefur lækkað um 6%-stig. Skuldaviðmið A-hluta er til samanburðar 77% og hefur lækkað um 5%-stig miðað við árið 2023.¹



¹ Samkvæmt 64. gr. skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Þá skulu skuldir og skuldbindingar samstæðu sem hlutfall af reglubundnum tekjum vera innan við 150%. Eru reglurnar nánar skilgreindar af ráðherra í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Samkvæmt reglugerð skal undanskilja veitu- og orkufyrirtæki við útreikning á jafnvægis- og skuldaviðmiði til ársloka 2029 samanber reglugerð 1195/2024.



A - hluti:




Rekstrarniðurstaða A-hluta árið 2024 var jákvæð um 4,7 ma.kr. sem var 9,7 ma.kr. betri niðurstaða en árið 2023. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaðan yrði jákvæð um 650 m.kr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) var jákvæð um 18,2 ma.kr. sem var um 10,2 ma.kr. betri niðurstaða en fyrir ári en 3 ma.kr. betri en gert var ráð fyrir í áætlun. Rekstrartekjur voru 2,6 ma.kr. yfir áætlun en rekstrargjöld að afskriftum undanskildum voru 430 m.kr. innan fjárheimilda.

Jákvæðan viðsnúning í rekstri A-hluta má meðal annars rekja til þess að tekjur jukust um 10,2% á meðan rekstrargjöld jukust aðeins um 7,6% án afskrifta og breytinga á




gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga. Þá lækkar lífeyrisskuldbinding A-hluta á milli ára og skilaði tekjufærslu að fjárhæð 847 m.kr. og nemur jákvætt frávik um 2,9 ma.kr. Fjárhagsáætlanir gengu að öðru leyti að mestu eftir.



Tekjur A-hluta námu 194,5 ma.kr. og jukust um 18,0 ma.kr. Tekjur voru 2,6 ma.kr. yfir áætlun. Skatttekjur námu ásamt tekjum frá Jöfnunarsjóði 161,7 ma.kr. og jukust um 13,0 ma.kr. milli ára, þar af jókst staðgreiðsla útsvars um 10,7 ma.kr. Í desember 2022 náðist samkomulag við ríkið um breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið fól í sér tilfærslu skatttekna frá ríkinu til sveitarfélaga sem nam 0,22% af útsvarsstofni frá og með árinu 2023. Annað samkomulag varð að veruleika í desember 2023 um hækkun útsvarstekna um viðbótar 0,23%-stig frá og með árinu 2024. Rekja má 2 ma.kr. hækkun á staðgreiðslu útsvars milli ára til þeirra breytinga.

Rekstrargjöld A-hluta námu 176,3 ma.kr. og voru 430 m.kr. undir áætlun. Laun og launatengd gjöld hækkaði um 6,4 ma.kr. á milli ára en nýir kjarasamningar við nokkur stéttarfélag hafa hér nokkur áhrif. Annar rekstrarkostnaður jókst um 6 ma.kr. milli ára og afskriftir um 785 m.kr.



Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaðan yrði jákvæð um 650 m.kr. á árinu. Helstu frávik frá áætlun má rekja til hærri tekna frá ríki og sveitarfélögum sem jafnast út með auknum rekstrarútgjöldum. Tekjur af sölu byggingarréttar námu 5,4 ma.kr. og voru 1,5 ma.kr. yfir áætlun. Söluhagnaður eigna var hins vegar 1,5 ma.kr. undir áætlun. Jákvætt frávik vegna tekjufærslu lífeyrisskuldbindinga nemur 2,9 ma.kr. Þá voru fjármagnsliðir betri en áætlað var og skýrist það helst af þróun verðbólgu sem var undir forsendum fjárhagsáætlunar og vaxtatekjum umfram það sem áætlað var.




Annar rekstrarkostnaður var um 2,9 ma.kr. eða 4,2% umfram fjárheimildir en tekjur koma á móti hluta þessa kostnaðar. Helstu frávik frá áætlun í öðrum rekstrarkostnaði er vegna hráefniskostnaðar mótuneyta sem var 458 m.kr. yfir fjárheimildum, vegna vistgreiðslna barna á vegum Barnaverndar Reykjavíkur sem voru 1,3 ma.kr. yfir fjárheimildum, rekstrar og umhirðu borgarlandsins aðallega vegna vetrarþjónustu sem var 1,1 ma.kr. umfram fjárheimildir.


Breyting lífeyrisskuldbindingar var til lækkunar og nam tekjufærsla 846 m.kr. en í áætlun var gert ráð fyrir 2,1 ma.kr. gjaldfærslu. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) var sameinaður Brú lífeyrissjóði í ársbyrjun og er nú R-deild Brúar lífeyrissjóðs. Góð ávöxtun var af eignum R-deildar sem leiddi til að tryggingarfræðileg skuldbinding lækkaði um 2,3 ma.kr. Í desember voru undirritaðir nýir kjarasamningar sem hafa veruleg áhrif á lífeyrisskuldbindinguna en voru fyrir utan tryggingarfræðilega matið. Þar sem þessar launahækkanir tilheyrðu árinu 2024 voru áhrifin á skuldbindinguna metin og gerð varúðargjaldfærsla upp á 1,2 ma.kr. í ársreikningi.

Fjármagnsgjöld (nettó) námu 3,8 ma.kr. eða 1,2 ma.kr. undir áætlun. Arður af eignarhlutum nam 5,7 ma.kr. og var á pari við áætlun en vaxtagjöld og verðbætur námu 10,8 ma.kr. og voru 895 m.kr. lægri en það sem gert var ráð fyrir.

Heildareignir A-hluta samkvæmt efnahagsreikningi 31. desember 2024 námu samtals 292,2 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 203,6 ma.kr. Eigið fé nam 88,6 ma.kr. og hækkaði um 7,4 ma.kr. á árinu. Endurmat lóða sem skattur vegna lóðarleigu reiknast af nam 2,6 ma.kr. og færðist til hækkunar á eigin fé. Eiginfjárhlutfall nam 30% en var 29% í árslok 2023. Skuldaviðmið A-hluta í árslok 2024 var 77% og lækkaði um 5%-stig milli ára.



Handbært fé frá áramótum til ársloka hækkaði um 645 m.kr. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum námu 19,2 ma.kr. Greidd gatnagerðargjöld og sala byggingarréttar námu 8,3 ma.kr. Lántaka ársins nam 16,2 ma.kr. Nýjar leiguskuldir námu 809 m.kr. Afborganir lána og leiguskulda námu 13,3 ma.kr.



Veltufé frá rekstri nam 12,2 ma.kr. og var 6,3% í hlutfalli af tekjum á árinu 2024.

Ytra rekstrarumhverfi Reykjavíkurborgar hefur á undanförunum árum einkenast af þenslu á vinnumarkaði, þrálátri verðbólgu og háum vöxtum. Á árinu 2024 tók verðbólga að hjaðna og mældist 4,8% í desember. Samhliða því hóf Seðlabanki Íslands að lækka stýrivexti, sem stóðu í 8,5% í árslok. Í Peningamállum Seðlabanka Íslands, sem birt voru 5. feb. sl. kemur fram að verðbólguþrýstingur sé enn til staðar. Það kalli á áframhaldandi þétt taumhald peningastefnunnar og varkárni við stýrivaxtaákvarðanir.

Þróun næstu missera ræðst að mestu af því hversu vel gengur að ná niður verðbólgu og vöxtum án þess að kæla hagkerfið um of. Samið hefur verið til langs tíma við stóran hluta vinnumarkaðarins en sveitarfélögin studdu myndarlega við kjarasamninga með lækkun gjaldskráa og þátttöku í gjaldfrjálsum skólamáltíðum. Blikur eru á lofti í alþjóðlegum efnahagsmálum, bæði vegna tollaáætlana og stríðsátaka. Mikil óvissa ríkir um hvaða áhrif þessir þættir muni hafa á innlent hagkerfi.

Áskoranir í rekstri Reykjavíkurborgar eru meðal annars vegna verkefna sem flutt hafa verið frá ríki til sveitarfélaga án þess að fullnægjandi fjármögnun fylgi. Náðst hafa áfangar í fjármögnun á málaflakki fatlaðs fólks þegar samið var um 0,22% hækkun á álagningarhlutfalli útsvars í árslok 2022 og síðan 0,23% hækkun í árslok 2023. Þá var í mars 2025 undirritað samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga vegna reksturs úrræða fyrir börn með fjölpættan vanda og uppbyggingar hjúkrunarheimila. Niðurstaða skýrslu starfshóps ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun málaflakksins sýnir þó að enn vantar upp á fulla fjármögnun málaflakksins til framtíðar.

Fjárfestingar ársins 2024 námu 20,7 ma.kr. og einkenndust af miklu leyti af viðhaldsátaki í skólum og fjárfestingu í innviðum til að tryggja uppbyggingu húsnæðis. Fjárfestingar voru fjármagnaðar með lántökum að fjárhæð 16,2 ma.kr., annars vegar með útgáfu skuldabréfa og hins vegar með lántöku hjá Þróunarbanka Evrópuráðsins. Reykjavíkurborg áætlað að fjármagna fjárfestingar ársins 2025 með lántökum allt að 16,5 ma.kr.



Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025-2029 sem samþykkt var þann 3. des. sl. eru áfram gerðar ríkar kröfur um aðhald í rekstri. Fjárhagsáætlunin byggir á grunni fjármála- stefnu Reykjavíkurborgar 2023-2027 með skýrum áherslum og markmiðum sem fylgt hefur verið fast eftir. Mælikvarðar fjármálastefnunnar fyrir A-hluta sýna hægfara bata og gert er ráð fyrir að markmiðum stefnunnar verði náð árið 2025.

	Markmið fjármálastefnu		Raun 2023	Raun 2024	Útk.spá 2024	Samþykkt fjárhagsáætlun 2025							
						2025	2026	2027					
Rekstrarniðurstaða	>0	✗	(4.969)	✓	4.746	✓	531	✓	1.298	✓	4.642	✓	6.672
Hlutfall launakostnaðar	<80%	!	81,0%	✓	79,1%	✓	79,9%	✓	76,5%	✓	76,1%	✓	75,4%
Veltufé frá rekstri / tekjum	>7,5%	!	6,5%	!	6,3%	!	5,5%	✓	7,6%	✓	7,6%	✓	8,0%
Veltufé frá rekstri / afb. lána	>1,0	✓	1,20	!	0,82	!	0,80	✓	1,32	✓	1,23	✓	1,04
Lántaka / fjárfestingum	<70%	✗	120%	!	78%	!	72%	✓	65%	✓	59%	✓	54%
Skuldaviðmið	<100%	✓	82%	✓	77%	✓	80%	✓	83%	✓	82%	✓	80%
Handbært fé í árslok	>8.000	✓	11.506	✓	12.151	✓	10.512	✓	10.415	✓	10.957	✓	9.212

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga skv. ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025. Var það gert til að liðka fyrir möguleikum sveitarfélaganna að grípa til viðspyrnu og sóknar í stað samdráttaraðgerða vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins. Undanskilja skal veitu- og orkufyrirtæki við útreikning á jafnvægis- og skuldaviðmiði til ársloka 2029 samanber reglugerð 1195/2024.

Reykjavík, 2. maí 2025.

Nánari upplýsingar veitir

Halldóra Káradóttir sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

halldora.karadottir@reykjavik.is